

Stærðfræði

Kennarar: Anna Sigríður Pálsdóttir, Brynja Blumenstein og Ragnheiður Eiríksdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

- Stærðfræðitengd klippiverkefni
 - 2 vikur
- Sproti 1a og 1b, nemendabók og æfingahefti
 - ljúka námsefninu í lok janúar
 - 1b eða 2a Stærðfræði handa grunnskólum (eldra námsefni, ljósrít) tekur við af Sprotu. Þeir sem ráða við þyngra námsefni fara í 2a en þeir sem þurfa frekari þjálfun fara í 1b
- Evolytes – Ævintýrið byrjar, kennslubók og stærðfræðileikur
 - getumiðað, unnið jafnt og þétt allan veturinn

Í stærðfræði eru að meðaltali 6 kennslustundir í viku.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

Meginmarkmið stærðfræðináms er að gera nemendur færa um að nota stærðfræði sem hagnýtt verkfæri í daglegu lífi, námi og starfi. Stærðfræði er skapandi grein sem eflir röksemdafærslu og gagnrýna hugsun, hvort sem um ræðir fjármál, tækni eða skilning á kerfum náttúrunnar. Lögð er áhersla á að nemendur þrói með sér trú á eigin getu og læri að miðla lausnum sínum í samvinnu við aðra.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

- Stærðfræðitengd klippiverkefni:
 - Æfa form, klippa og líma
- Sproti 1a og 1b, nemendabók og æfingahefti:
 - flokka gögn, talning, þekkja heiti algengustu forma og mynstur, tölur 0-20mælingar, plús og þekkja og skrifa tölustafi
- 1b eða 2a Stærðfræði handa grunnskólum:
 - Eldra námsefni þegar og efn nemendur hafa lokið við Sprotu 1a og 1b.
- Evolytes, kennslubók og stærðfræðileikur:
 - Skrá sig í leikinn með QR kóða. Ef skilningur er góður komast nemendur áfram í þyngra námsefni annars heldur nemandinn áfram á sínu getustigi.
 - talning 1-10, samlagning 1-10, mynstur, frádráttur 1-10, týndar tölur, talning 11-100, tugir 10-100 og form.
- Gögn: talnagrindur, sentikubbar, form, málbönd, reglustika, bréfastemmur, teningar og spil.

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Lögð er áhersla á fjölbreytt verkfæri, ápreifanleg líkön og stafræna tækni til að dýpka skilning. Kennslan á að vera einstaklingsmiðuð, hvetja til skapandi hugsunar og rökstuðnings, og byggja upp jákvætt viðhorf nemenda til greinarinnar.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Framvinda nemenda í stærðfræði er metin út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms. Matið er símat, gert jafnt og þétt allan veturinn. Nemendur fá styðjandi endurgjöf þegar námsefnið er þeim enn í fersku minni. Námsmat birtist nemendum inn á Mentor og það rætt í nemenda- og foreldraviðtölum. Í Evolytes fylgist kennari með framvindu nemenda í gegnum innri vef Evolytes.

Viðmið úr námskrá

Hæfniviðmið í stærðfræði skiptast í fimm flokka: **vinnulag stærðfræðinnar, tölur og reikning, algebru, tölfræði og líkindi**, og **rúmfræði og mælingar**. Vinnulagið er gegnumgangandi þáttur í öllu námi. Þrátt fyrir þessa skiptingu ber að líta á námið sem samfellda heild og skapandi ferli, frekar en söfnun afmarkaðra upplýsinga. Hæfniviðmið í stærðfræði fyrir 1. bekk: Að nemandi geti ..

- lesið tölur, skrifað þær og borið saman fjölda í söfnum upp í 20,
- notað tölur og talningu upp í 20 við hversdagslegar aðstæður og leyst samlagningar- og frádráttardæmi úr daglegu lífi,
- þekkt tákni + - og =,
- þekkt og nefnt algengustu form,
- þekkt staðsetningarhugtök. yfir, undir o.s.frv.,
- borið saman lengdir með ágiskun,
- þekkt algeng tímahugtök,
- safnað og flokkað gögn í viðeigandi flokka og búið til einföld súlurit.